

EES-viðbætur

við Stjórnartíðindi EB

ISSN 1022-9337

Nr. 31

2. árgangur

24.8.1995

I EES-STOFNANIR

1. EES-ráðið
2. Sameiginlega EES-nefndin
3. Sameiginlega EES-þingmannanefndin
4. Ráðgjafarnefnd EES

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna
2. Eftirlitsstofnun EFTA
3. EFTA-dómstóllinn

III EB-STOFNANIR

1. Ráðið
2. Framkvæmdastjórnin

95/EES/31/01	Tilkynning um samning um sameiginlegt verkefni (Mál nr. IV/35.625 - Saab AB/British Aerospace Defence Limited) 02
95/EES/31/02	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.604 - Albacom) 02
95/EES/31/03	Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram (Mál nr. IV/M.622 - Ricoh/Gestetner) 03
	3. Dómstóllinn

EB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um samning um sameiginlegt verkefni 95/EES/31/01 **(Mál nr. IV/35.625 - Saab AB/British Aerospace Defence Limited)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 5. 7. 1995 tilkynning, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17/62⁽¹⁾, um samning milli Saab AB og British Aerospace Defence Limited. Hlutaðeigandi aðilar hafa samþykkt að mynda fyrirtæki um sameiginlegt verkefni til að þróa, framleiða og selja utan Svíþjóðar afbrigði af JAS 39 Gripen til útflutnings, þ.e. léttu fjölpætta orustuflugvél sem grundvallast á sænsku Gripen-gerðinni sem Saab hefur þegar þróað í samvinnu við sænska aðila fyrir sænskan markað. Hlutaðeigandi aðilar hafa enn fremur samþykkt að skipta með sér framleiðslu og stuðningsstarfsemi sem tengist Gripen og annast sameiginlega þróun í flugtækni.
2. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að fyrirtækið um sameiginlega verkefnið sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar nr. 17/62.
3. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi tilkynntan samning á framfæri við sig.

Athugasemdir skulu hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjtið. EB nr. C 217, 22. 8. 1995. Unnt er að senda athugasemdirnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 98 00) eða í pósti, með tilvísun til IV/35.625 - Saab AB/British Aerospace Defence Limited, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Directorate D-4
Office 01/057
Avenue de Cortenberg, 150
B-1049 Brussels

Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram 95/EES/31/02 **(Mál nr. IV/M.604 - Albacom)**

1. Framkvæmdastjórninni barst 11. 8. 1995 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽²⁾, þar sem British Telecommunications plc (BT) og Banca Nazionale del Lavoro SpA (BNL) öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, sameiginleg yfirráð yfir nýstofnuðu fyrirtæki - Albacom.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
 - BT: fjarskiptaþjónusta og -búnaður
 - BNL: banka- og fjarskiptaþjónusta.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. 13, 21. 2. 1962, bls. 204.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjtið. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.

3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjútíð. EB nr. C 219, 24. 8. 1995. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.604 - Albacom, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

**Samfylking sem tilkynnt hefur verið um fyrirfram
(Mál nr. IV/M.622 - Ricoh/Gestetner)**

95/EES/31/03

1. Framkvæmdastjórninni barst 9. 8. 1995 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu, samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89⁽¹⁾, þar sem japanska fyrirtækið Ricoh Company Limited (Ricoh) öðlast, í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. reglugerðar ráðsins, heildaryfirráð yfir breska fyrirtækinu Gestetner holdings plc (Gestetner) með hlutabréfakaupum og yfirtökubóði sem auglýst var 27. 7. 1995.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja:
 - Ricoh: framleiðsla, dreifing og sala á skrifsofuvélum og -búnaði, og ljósmyndataekjum,
 - Gestetner: dreifing og sala á skrifsofuvélum og -búnaði, og ljósmyndataekjum
3. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin sem tilkynnt hefur verið um geti fallið undir gildissvið reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun hvað þetta atriði varðar frestað þar til síðar.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum sem eiga hagsmuna að gæta kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni eigi síðar en tíu dögum eftir þessa birtingu í Stjútíð. EB nr. C 215, 19. 8. 1995. Athugasemdirnar er unnt að senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01) eða í pósti, með tilvísun til máls nr. IV/M.622 - Ricoh/Gestetner, og er heimilisfangið:

Commission of the European Communities
Directorate-General for Competition (DG IV)
Merger Task Force
Avenue de Cortenberg 150
B-1049 Brussels

(¹) Stjútíð. EB nr. L 395, 30. 12. 1989. Leiðrétting: Stjútíð. EB nr. L 257, 21. 9. 1990, bls. 13.